

Ed.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Síðasti málsl. 3. gr. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli.

2. gr.

Síðasti málsl. 8. gr. falli niður.

3. gr.

1. mgr. 47. gr. falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 3. gr. áfengislaga er nú óheimilt að flytja til landsins öl, hver svo sem styrkleiki þess er. Ákvæði þessa efnis var fyrst tekið í lög með áfengislögum nr. 58/1954, en fram til þess hafði verið heimilt að flytja til landsins öl, sem hafði inni að halda $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli eða minna, sbr. áfengislög nr. 33/1935. Í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu var gerð bókun, þar sem segir m. a., að um það sé samkomulag, að hvað varði öl gert úr malti þá skuli ekki settir glóbalkvótar fyrir innflutningi til Íslands fyrir en 1. janúar 1972, en eftir þann tíma skuli slakað hraðar á innflutningshöftum og þau afnumin ekki síðar en 31. desember 1974. Eins og áfengislögin eru nú orðuð standa þau í vegi fyrir framkvæmd áður nefnds samkomulags. Til að samræma ákvæði áfengislaganna samkomulaginu er því lagt til, að 3. gr. laganna verði breytt á þann veg, að tekið verði upp sama orðalag og var í áfengislögnum frá 1935.

Með lögum nr. 35 14. apríl 1971 um breyting á lögum nr. 50/1957 um Menningarsjóð og menntamálaráð var fellt niður ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957 um tekjur Menningarsjóðs af upptæku áfengi, áfengissektum o. þ. h. Í staðinn skyldi Menningarsjóður fá fjárveitingu á fjárlögum. Ákvæði laga nr. 35/1971 öðlast gildi 1. janúar 1972. Við setningu laganna var þess hins vegar ekki gætt, að ákvæði um sama efni er að finna í niðurlagsákvæði 8. gr. og í 1. mgr. 47. gr. áfengislaganna. Er ákvæði 2. og 3. gr. frv. sett til að samræma ákvæði áfengislaganna hinum nýju ákvæðum laga um Menningarsjóð og menntamálaráð.